


## Hópuppsagnir í desember og á árinu 2008

5. janúar 2009

### Desember 2008

Í desembermánuði bárust Vinnumálastofnun aðeins 4 tilkynningar um hópuppsagnir þar sem sagt var upp samtals 94 einstaklingum. Ein tilkynning var úr mannvirkjagerð, samtals 19% þeirra sem sagt var upp með þessum hætti, ein úr verslunargeiranum, samtals um 36% uppsagna, og tvær úr upplýsinga- og sérfræðistarfsemi, samtals um 45% þeirra sem sagt var upp.



**Mynd 1. Skipting hópuppsagna í nóvember á atvinnugreinar**


Þrjár tilkynningar bárust frá fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu og ein af Vestfjörðum. Heildarfjöldi starfsmanna þeirra fyrirtækja sem tilkynntu uppsagnir er milli 110 og 120 manns, og því eru þessi fyrirtæki sem um ræðir að segja upp stærstum hluta starfsmanna sinna. Allflestar uppsagnirnar koma til framkvæmda í lok janúar, en nokkrar næstu mánuði á eftir allt fram til loka maí. Helstu ástæður uppsagna eru rekstrarerfiðleikar, verkefnaskortur og endurskipulagning .

## Hópuppsagnir á árinu 2008

Alls var tæplega 5.100 manns sagt upp á árinu 2008 með hópuppsögnum. Stærstur hluti uppsagnanna barst í lok október eða tæp 60%, 11% uppsagnanna barst í nóvembermánuði og færri í öðrum mánuðum.


Langflestar uppsagnirnar ná til starfsfólks sem búsett er á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar um búsetu fólks koma þó ekki alltaf fram í tilkynningum um hópuppsagnir, en áætlað er að milli 80 og 85% hópuppsagna snúi að fólki á höfuðborgarsvæðinu, milli 5 og 10% af Suðurnesjum, tæp 5% af Vesturlandi en lægra hlutfall af öðrum landsvæðum.

Á meðfylgjandi mynd (2) má sjá hvernig áætlað er að hópuppsagnir sem tilkynntar hafa verið á árinu komi til framkvæmda. Yfir 2.200 hafa þegar komið til framkvæmda, þar af yfir 1.000 í lok nóvember. Ríflega 1.000 eru að missa vinnuna í kjölfar hópuppsagna núna um áramótin, flestir úr mannvirkjagerð, allstór hópur úr verslun, iðnaði og fjármála-/tryggingastarfsemi, einnig talsverður fjöldi úr flutningastarfsemi, upplýsinga-/útgáfustarfsemi og ýmiskonar þjónustustarfsemi. Í lok janúar missa yfir 1.100 manns vinnuna í kjölfar hópuppsagna, einkum úr þremur atvinnugreinum, þ.e. mannvirkjagerð, verslun og fjármála-/tryggingastarfsemi, en einnigt úr iðnaði, flutningastarfsemi, upplýsinga-/útgáfustarfsemi og sérfræðilegri starfsemi. Þá liggja fyrir upplýsingar um að yfir 400 manns missi vinnuna í lok febrúar, einkum úr mannvirkjagerð og fjármálastarfsemi, um 200 í lok mars, einkum úr fjármálastarfsemi og nokkrir síðar.



**Mynd 2. Yfirlit yfir hvenær hópuppsagnir ársins 2008 koma til framkvæmda**

Á mynd 3 má sjá hvernig hópuppsagnir ársins skiptast á atvinnugreinar. Mest hefur verið um hópuppsagnir í mannvirkjagerð og þvínæst í verslun, fjármálastarfsemi og svo flutningastarfsemi. Þá hefur verið talsvert um hópuppsagnir í iðnaði, upplýsinga- og útgáfustarfsemi, sérfræðistarfsemi og eitthvað í flestum öðrum atvinnugreinum.



**Mynd 3. Hópuþpagsagnir á árinu 2008 eftir atvinnugreinum**